

Fræðsluráð Hafnarfjarðar
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 17. mars 2022

Efni: Beiðni um samning sem felur í sér starfsleyfi og þjónustu við 5 ára leikskólabörn sem starfa í húsnæði Barnaskólans. Samning sem tekur á öllum lögbundnum skyldum í starfi með börnum á leikskólastigi.

Í lögum um leikskóla nr. 90 og grunnskóla nr. 91, sem tóku gildi 1. júlí 2008 er kveðið á um heilmild sveitafélaga til að reka saman leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra. Eitt af markmiðum þessarar heimildar er að opna fyrir fjölbreytni, sveigjanleika og þróun í skólastarfí í þágu barna.

Með slíkum samningi skuldbindur Hjallstefnan sig til að ábyrgjast að allt skólastarf verði í samræmi við lög um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla útgefna af mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem og reglugerðir sem gilda um starfsemi leikskóla. Fyrir hvert 5 ára barn greiðir Hafnarfjarðarbær sömu fjárhæð og greidd er með börnum er sækja aðra einkarekna leikskóla auk þess sem samningur þarf að taka til þess hvort um er að ræða greiðslur í formi leigu eða ábyrgð sveitarfélags á húsnæði sem rúmar leikskólaeininguna.

Samfellan á milli leik- og grunnskóla hefur mikil áhrif á líðan og árangur barna. Í Barnaskólanum hafa 5 ára leikskólabörn starfað með okkur í tæp þrjú ár. Reglulegar heimsóknir til grunnskólabarna og samfellan í allri íhlutun er grunnurinn á því starfi sem Hjallastefnan stendur fyrir. Aðrir grunnskólar innan stefnunnar eru með starfandi 5 ára leikskólabörn innan veggja grunnskólans og hefur síkt fyrirkomulag reynst árangursríkt. Helsti ávinningurinn í öllum skólunum er: Samræmd fagleg uppbygging, heildarsýn góð, meiri samfella í námi barna milli skólastiga, skil milli skólastiga markvissari og auðveldari fyrir börn, aukin skilvirkni í stjórnun, sterkari liðsheild, aukið samstarf, stuðningur milli starfsfólks sýnilegri, samnýting starfsfólks milli skólastiga einfaldari, einföldun í upplýsingaflæði, hagræðing í rekstri, sameiginleg innkaup og samnýting á búnaði.

Í febrúar 2019 fluttu 5 ára leikskólabörn frá Hjalla yfir í Barnaskólahúsnæðið. Í kjölfarið hefur ásókn í Barnaskólann aukist frá ári til árs. Núverandi starfsleyfi á grunnskólastigi telur 92 börn en starfsleyfi 5 ára leikskólabarna tilheyrir Leikskólanum Hjalla. Gerður var samningur 19. febrúar 2019 sem fól í sér leiguframlag frá 1. febrúar til 31. desember 2019 þar sem 5 ára leikskólabörn fluttu alfarið yfir í húsnæði Barnaskólans. Ákvörðunin hafði það í för með sér að unnt var að veita um 30 börnum undir tveggja ára aldri leikskólapláss á Leikskólanum Hjalla. Sambærilegar tölur eiga við síðustu þrjú ár, yngri börn komast að í Hjalla og 5 ára börnin flytjast yfir í Barnaskólahúsnæðið.

Áætlaður fjöldi grunnskólabarna skólaárið 2022–2023 eru í kringum 95 börn (104 ef öll halda áfram en meðaltalstölur fyrir ára gera ráð fyrir fækkun 8 og 9 ára barna). Ef 5 ára börnin í Leikskólanum Hjalla flytjast yfir í Barnaskólahúsnæðið þá bætast við 44 börn. Barnaskólahúsnæðið rúmar ekki þann fjölda og hefur ekki gert undanfarin tvö skólaár. Fjölgun



Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Ráðhús Hafnarfjarðar

Strandgötu 6

220 Hafnarfjörður

grunnskólabarna frá skólaárinu 2019–2020 til dagsins í dag eru rúmlega 30 börn auk þess er um stærri árganga 5 ára barna að ræða. Síðustu tvö skólaár var leitað lausna í samvinnu við skátafélagið Hraunbúa, þróun um framhaldið og framtíðarsýn 5 ára leikskólabarna lá ekki fyrir og því þótti ekki ástæða til að hefja vinnu í samráði við byggingaverktaka.

Í mars 2021 var komin reynsla á samfelluna, árangur góður og einlægur vilji Hjallstefnunnar um áframhaldandi starf leikskólabarna í grunnskólahúsnaðinu mikill og skýr. Í heilt ár var leitast eftir lausnum á slíku starfsleyfi við starfandi fræðslustjóra, samningi sem gæti rúmað leikskólastarf innan veggja Barnaskólans, lögbundið framlag færi ekki til Leikskólans Hjalla og leiguverð yrði skýrt ef húsnæðið yrði áfram á vegum Hjallstefnunnar. Viðræður við starfandi fræðslustjóra báru engan árangur þar sem af hennar hálfu þótti ekki tilefni til að gera samning, þrátt fyrir að bráðabirgðasamningur væri ekki lengur gildandi, leiguverð óljóst og innritun á Leikskólann Hjalla inni í áætluðum tölum hjá sveitafélagi.

Skólahúsnaði getur ekki risið án barna og börn geta ekki verið án húsnæðis. Það er öllum ljóst. En það sem virðist ekki hafa verið alveg jafn skýrt er þróun og stefnumótun til framtíðar. Hvar eiga 5 ára börnin heima? Vilji Hjallastefnunnar er skýr og hefur verið í langan tíma. Auk þess hefur saga skólans kennt okkur að óvissa varðandi húsnæðimál hefur bein áhrifa á fjölskyldur og eftirspurn eftir skólavist. Þegar miðstig skólans var lagt niður ríkti óvissa meðal fjölskyldna um hvort frekari lokun yrði og hvort skólinn væri kominn til með að vera. Því er mikilvægi framtíðarlausnar afar brýn þróun.

Í Barnaskólanum eru gæði samfellunnar á milli leik- og grunnskólastarfs mikil. Námsárangur og vellíðan barna mælist til fyrirmynndar. Þess má einnig geta að niðurstöður úr skólapúlsinum fyrir þetta skólaár sýna að vellíðan 5 ára barna, í húsnæði Barnaskólans, undir stjórn skólastjórnenda Barnaskólans er vel yfir meðaltali á landsvísu. Öll stjórnun, starfsmannahald, innra skipulag og samfellan hefur verið í höndum stjórnenda Barnaskólans. Til að auka enn frekar gæði innra mats skólans þá ríkti einhugur um að fjölskyldur 5 ára barna tækju þátt í skólapúlsinum með það í huga að gæði 5 ára starfsins séu partur af heildarmynd, ásýnd, eftirfylgni og framtíðarsýninni.

Námskrá leikskólans er skýr og ekkert því til fyrirstöðu að starfað sé eftir henni í húsnæði Barnaskólans með frekari samvinnu við grunnskólabörn og starfsfólk grunnskólans sem aðstoðar á öllum skólastigum – allt eftir þörfum. Samfella í skólastarfi er yfirlýst stefna ráðuneytisins. Hún er talin gríðarlega stór hlekkur þegar vellíðan barna er í fókus. Þá er gjarnan rætt um leyfisbréf þvert á skólastig. Í Barnaskólanum er samfellan til fyrirmynndar hvort sem það eru börn í leik-, grunnskóla eða frístund. Starfsfólk skólans starfar einfaldlega með börnum í öllum aðstæðum.



Það er einhuga vilji Hjallastefnunnar að vera raunverulegt val innan sveitarfélagsins þar sem óöryggi um húsnæði og óljós sýn skapar ekki óánægju á meðal fjölskyldna. Raunverulegt val, þegar biðlisti er svona langur í Leikskólann Hjalla hlýtur að þurfa að fela í sér viðbrögð sem anna betur eftirspurn í þá stefnu sem Hjallastefan býður upp á.



Fræðsluráð Hafnarfjarðar
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Með óskum um samning sem felur í sér starfsleyfi og þjónustu við 5 ára leikskólabörn sem starfa í húsnæði Barnaskólans ásamt framtíðarsýn á fyrirliggjandi húsnæðisvanda.

Virðingarfullst fyrir hönd Hjallastefnunnar

Hildur Sæbjörg Jónsdóttir og Ruth Margrét Friðriksdóttir, skólastýrur Baranskólans

Hafnarfjörður, 17. mars, 2022

